



EINELTISÁÆTLUN

REYKHÓLASKÓLA

Einelti hefur verið skilgreint sem ofbeldi, líkamlegt eða andlegt. Um einelti er að ræða þegar slíkt atferli endurtekur sig aftur og aftur og beinist að einstaklingi sem ekki er fær um að verja sig í þeim aðstæðum og veldur það honum andlegri eða líkamlegri vanlíðan. Einelti getur verið stýrt af einstaklingi eða hópi.

Einelti er aldrei látið afskiptalaust. Mikilvægt er að nemendur, forráðamenn eða hver sá sem hefur grun um að einhver sé lagður í einelti segi strax frá.

Einelti er ávallt lítið alvarlegum augum. Þegar upp koma mál í skólanum þar sem grunur leikur á að um einelti sé að ræða er tekið á þeim strax samkvæmt mótuðu vinnuferli við meðferð eineltismála sem kynnt hefur verið starfsmönnum skólans.

Til þess að koma í veg fyrir einelti þarf samstillt átak og ábyrgð nemenda, foreldra/forráðamanna, kennara og annarra starfsmanna skólans. Miðlun góðra lífsgilda, regluleg fræðsla, áróður og umræður um eineltismál og afleiðingar þess er nauðsynleg.

Í Reykhólaskóla er einelti ekki liðið og allar þekktar leiðir til að sporna gegn því og uppræta notaðar. Ef grunur leikur á eða staðfesting liggur fyrir að einelti eigi sér stað er það skýr stefna skólans að tekið sé á málinu strax. Æskilegt er að vitneskja um einelti berist fyrst til umsjónarkennara. Einnig er hægt að hafa samband við stjórnanda skólans.

Eineltismál eru mismunandi og fer vinna hvers máls eftir eðli þess. Aðgerðir skulu taka mið af hvort um grun eða sameiginlegt einelti sé að ræða. Einnig þarf að meta hvort um aðsæður sé að ræða þar sem hætta er á ferðum.

Einnig þarf að tala um mikilvægi fyrirbyggjandi aðgerða.

Fyrirbyggjandi aðgerðir:

- félagstengslakönnun 2 – 3x á vetri
- fræðsla og verkefni utanaðkomandi aðila
- bekkjarfundir
- fylgjast vel með „líklegum gerendum, þeim sem kvartað hefur verið undan“

Vinnuferli í eineltismálum

Tilkynning berst

Grunur um einelti

- Hafa samráð og leita upplýsinga hjá forráðamönnum geranda/þolanda.
- Fylgjast betur með nemanda í kennslustundum og frímínútum
- Spyrist fyrir meðal samstarfsfólks og nemenda. Biðja ákveðna aðila, t.d. aðra kennara, skólaliða, tómtundafulltrúa og bílstjóra skólabílanna að fylgjast betur með nemandanum.
- Biðja nemendur um að skrifa hvað þeim finnst um líðan og bekkjaranda.
- Ræða við valda nemendur.

- Blanda saman viðtali og skriflegu verkefni nemenda
- Brjóta upp/hnippra í „gerendahóp“gerenda, ræða málin.
- Taka 2 – 4 vikur í vinnuferlið.

Þegar nægar upplýsingar eru fyrir hendi þarf að ákveða hvort þörf sé á frekari aðgerðum.

Einelti á sér sannalega stað

Ef ljóst er að einelti hefur átt sér stað þarf að skipuleggja einstaklingsviðtöl við þolendur og gerendur. Ef grunur leikur á að um alvarlegt einelti sé að ræða er mikilvægt að tveir aðilar taki viðtal við gerendur. Það undirstrikar alvöru málsins og getur komið í veg fyrir misskilning. Í öllum tilvikum eru gerendum gefin skýr skilaboð um að einelti sé ekki liðið og að skólinn muni með öllum ráðum tryggja að eineltinu ljúki. Einnig er unnið með þolendur og þeir fá stuðningsviðtöl hjá fagaðila.

Hafið í huga:

- Vísa málinu til nemendaverndarráðs
- Samstarf við forráðamenn
- Þátttöku forráðamanna í meðferð málsins
- Hvaða stuðning skólinn getur veitt þolendum og gerendum
- Vernd gegn frekara áreiti
- Eftirfylgd
- Bekkjarvinnu
- Upplýsa skólasamfélagið
- Skráning

Einelti heldur áfram

Ef aðgerðir bera ekki árangur þarf að fylgja málinu frekar eftir.

Hafið í huga:

- Frekari samvinnu og samráð við forráðamenn þolenda og gerenda
- Meira eftirlit, viðurlög
- Brjóta upp gerendahóp
- Ráðgjöf hjá sálfræðingi/öðrum sérfræðingum
- Skólinn fær utanaðkomandi aðstoð fyrir þolendur og gerendur.

Tilkynningar/skráning

Öll eineltismál, grun eða staðfestingu, skal skrá á sérstakt eyðublað. Eyðublaðið er hægt að nálgast á heimasíðu skólans. Blaðið á að berast umsjónarkennara og afrit til skólastjóra. Skráningin er liður í að hafa yfirsýn yfir eðli og umfang eineltismála í skólanum.